



Fundargerð

382. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, aukafundur, miðvikudaginn 8. júlí 2015 kl. 14.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti og Vilberg Þráinsson (VP), og Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Rebekka Eiríksdóttir (RE) í forföllum Ágústs Más Gröndal (ÁMG), Áslaugar Bertu Guttormsdóttur (ÁBG) og Söndru Rúnar Björnsdóttur (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð. Jóhann Þórðarson endurskoðandi var í síma undir fyrsta lið á dagskrá.

Fundargerð rituð í tölvu og er tvær blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Eitt mál barst, oddviti leitaði afbrigða að taka málið á dagskrá og var það samþykkt samhljóða. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu

1. 1504021 – Ársreikningur Reykhólahrepps 2015.

Fyrri umræða.

Sveitarstjóri lagði fram ársreikning sveitarfélagsins og fyrirtækja þess fyrir árið 2014. Endurskoðandi sveitarfélagsins, Jóhann Þórðarson, var í síma og fór yfir helstu lykiltölur með sveitarstjórn.

Heildartekjur sveitarfélagsins námu 432,1 millj. kr á árinu 2014 en áætlun gerði ráð fyrir 365,5 millj. kr. Niðurstaða rekstrar er jákvæður um 36,9 millj. kr en áætlun gerði ráð fyrir 20,7 millj. kr. Veltufé frá rekstri er 54 millj. kr. en áætlun gerði ráð fyrir 32 millj. kr. Heildareignir í árslok námu 527,7 millj. kr. og eigið fé 354,6 millj. kr. Framlegðarhlutfall A-hluta er nú 11,8% og hefur hækkað frá fyrra ári úr 8,7% en var neikvætt um 0,6% 2012.

Skuldaviðmið sveitarfélagsins er nú 21% var 38% 2013 og 46% 2012. Annar rekstrarkostnaður nam 36,75% af rekstrartekjum en 37,52% árið 2013. Laun nema 52,84% eða svipað og árið 2013 sem var 53,74%.

Sveitarstjórn þakkaði Jóhanni fyrir greinargóða yfirferð.

Ársreikningi sveitarfélagsins 2014 vísað til seinni umræðu, samþykkt samhljóða.

2. 1507004 – Sumarfrí nefnda og sveitarstjóra og lokun skrifstofu.

Erindi frá sveitarstjóra, dagsett 6. júlí 2015.

Lagt fram erindi sveitarstjóra þar sem lagt er til sumarfrí nefnda í júlí og sumarlokun skrifstofu sveitarfélagsins 27. júlí til 7. ágúst. Þá óskar sveitarstjóri eftir því að taka sumarleyfi 27. júlí til 14. ágúst, auk nokkurra daga eftir því sem tækifæri gefst til.

Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða, einnig er samþykkt að fresta lögboðnum fundi sveitarstjórnar í ágúst um eina viku eða til 20. ágúst. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

3. 1507006 – Brennuleyfi, brenna við Bjarkalund 24. júlí á Reykhóladögum.

Erindi frá Jóhönnu Ösp Einarsdóttur dagsett 8. júlí 2015.

*Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn, með fyrirvara um umsögn slökkviliðsstjóra.
Samþykkt samhljóða.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 15.50.

_____	_____
_____	_____
_____	_____